



Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. júlí 2024
USK24060309

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 11.7.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Kjalarnesið, og dreifbýl svæði - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. júlí 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. júní 2024, á kynningu á verkefnislýsingu skipulagsgerðar Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og umhverfismats vegna þróunar byggðar á Kjalarnesi, stefnu um landbúnaðarsvæði og opin svæði, skógrækt, landslag, verndarsvæði og kolefnisspor landnotkunar og nýtingar, ásamt fylgiskjölum.

- Kl. 9.06 tekur Líf Magneudóttir sæti á fundinum.

Samþykkt.

Björn Axelsson, Ævar Harðarson og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista fagnar allri vinnu sem miðar að því að gera Grundarhverfi að sjálfbærum þéttbýliskjarna sem fyrst, án þess að draga úr sérstöðu svæðisins. Þegar Kjalarnes varð hluti af Reykjavíkurborg árið 1997 voru gerðir samningar um uppbyggingu sem ekki hefur verið staðið við. Er uppbyggingin því löngu tímabær og til þess fallin að auka ánægju íbúa Kjalarness, sem og traust þeirra á borgaryfirvöldum sem hefur verið af skornum skammti. Með meiri uppbyggingu atvinnustarfsemi á Álfsnesi er einnig mikilvægt að styrkja íbúðabyggð í námunda við hana.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Uppbygging á Kjalarnesi er löngu tímabær. Þetta á byggðina. Þá er mikilvægt að gera Grundarhverfi að sjálfstæðum kjarna. Möguleikarnir sem nefndir eru tengjast landbúnaði. En í landbúnaði eru ekki miklir tekjumöguleikar að mati fulltrúa Flokks fólksins. Landbúnaðurinn er háður styrkjum frá samfélaginu og litlar líkur eru á að sérstakir styrkir verði veittir landbúnaðarsvæði sem er í borg. Skógrækt mun ekki gefa tekjur, nema tekið verði fyrir innflutning skógarafurða. Hér virðist vera gert ráð fyrir að aðstoð og fjárstyrkur komi frá borginni. Ef byggð á að þróast með sjálfbærum hætti þarf að styðjast við atvinnu sem gefur tekjur.



Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit: